

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2007 frá 8. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 800/2008 falla úr gildi ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Gildistími reglugerða (EB) nr. 68/2001 ⁽⁴⁾, 70/2001 ⁽⁵⁾ og 2204/2002 ⁽⁶⁾ er úrunninn, en þessar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 1d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001), liðar 1f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001), liðar 1g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002) og liðar 1i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006) falli brott 1. janúar 2009 ásamt tilheyrandi fyrirsögnum.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 1i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006):

„Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, vegna umhverfisverndar, til svæðisbundinnar fjárfestingar, til að efla framtak kvenna, atvinnu og þjálfun

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 48, 11.10.2007, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3.

„1j. **32008 R 0800**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu) (Stjtíð. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- b) Í stað orðanna „87. og 88. gr. sáttmálans“ komi orðin „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
- c) Í stað orðanna „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- d) Í stað orðanna „a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- e) Í stað orðanna „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- f) Að því er varðar EFTA-ríkin komi í stað orðanna „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ orðin „3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.
- g) Í stað hugtaksins „samrýmanlegur sameiginlega markaðnum“ komi hugtakið „samrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins“.
- h) Í stað hugtaksins „framkvæmdastjórnin“ komi hugtakið „lögbært samkeppnisyfirvald í skilningi 62. gr. EES-samningsins“.
- i) Í stað hugtaksins „Bandalagsskrár“ komi hugtakið „skrár á yfirráðasvæði sem fellur undir ákvæði EES-samningsins“.
- j) Í stað orðanna „I. viðauki við sáttmálann“ komi orðin „sem er að finna í viðbæti við þennan viðauka falla undir ákvæði EES-samningsins“.
- k) Í stað hugtaksins „fjárframlög Bandalagsins“ komi hugtakið „fjárframlög Bandalagsins eða EES“.
- l) Þó að vísað sé til löggjafar Evrópubandalaganna þýðir það ekki að EFTA-ríkjunum sé skylt að hlíta ákvæðum þeirrar löggjafar hafi hún ekki verið felld inn í samninginn.“

3. Í stað orðanna „g) í lið 1f“ í fyrirsögn viðbættisins komi orðin „j) í lið 1f“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 800/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.